

Fundargerð 172. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 16. febrúar kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Valbjörn Jón Höskuldsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Símon Guðvarður Jónsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Einar Óskar Friðfinnsson

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Tinna Magnúsdóttir og Guðmundur Hermann Salbergsson

Fjarverandi: Einar Sveinn Kristjánsson og Agnar Ólason

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 171

Fundargerðin samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Miðstjórn ASÍ: Formaður sagði frá því að hann hefði getað mætt á tvo fundi þar af einn aukafund sem var boðaður þegar sáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í Eflingardeilunni. Hann sagðist vera hræddur um að í framhaldi af þessu öllu verði farið inn í vinnulöggjöfina og sáttasemjara gefin miklu meiri völd. Einn fund gat hann ekki mætt á en það var vinnufundur var haldinn 7. og 8. febrúar að hótél Hamri í Borgarfirði, þá voru fundir í sjómannadeilunni og hann fastur hjá sáttasemjara.

Í lok janúar og fram í febrúar var mikið fundað í vinnuhópum hjá sáttasemjara varðandi sjómannadeiluna. Mánudaginn 6. febrúar var samninganefnd okkar kölluð saman og svo fundað stíft og skrifað var undir fimmtudagskvöldið 9. feb. Í framhaldi af undirritun þarf að kynna samninginn og hefur formaður t.d. mætt um borð í þrjú skip og kynnt hann. Kynning er komin á heimasíðuna og menn geta lesið hana þar. Kynningarfundur verður hérna á Stórhöfðanum á morgun í hádeginu, bæði stað og fjarfundur, og svo aftur á miðvikudaginn þar á eftir.

Staðan í öðrum kjarasamningum er sú að fundað var með Samskipum og fengin leiðrétting eins og gert var hjá Eimskip og þreifingar um samning eru byrjaðar. Varðandi orkufyrirtækin, Landsvirkjun, Orkuveitur Reykjavíkur, HS orku, Norðurorku og Orkubú Vestfjarða er staðan þannig að þau geta ekki samið við okkur fyrr en Ragnar Árnason getur mætt og hann er alltaf upptekinn við Eflingarsamninginn. Þannig að búið er að vísa Orkuveitunni og Landsvirkjun til Ríkissáttasemjara.

3. Aðalfundur

Búið var að ákveða aðalfund þann 24. mars n.k. Nú er staðan sú að hvorki formaður né varaformaður verða á landinu. Formaður óskaði eftir að færa fundinn til föstudagsins

31. mars. Samþykkt. Formaður sýndi mætingu á aðafundina undanfarið ár.

4. IMO fundur um STCW-F í London

Halldór sagði frá fundi Alþjóða siglingastofnunarinnar (IMO) sem hann sótti dagana 6. til 10. febrúar 2023. Á þeim fundi var m.a. unnið að endurskoðun STCW-F samþykktarinnar sem er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna á fiskiskipum, (STCW-F; International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel) Fyrir er STCW samþykktin um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, (STCW International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers). Sem er samþykkt fyrir farþega- og flutningaskip og í grunnin frá 1978. Síðustu endurskoðun þeirrar samþykktar lauk árið 2010 og þær breytingar tóku gildi í janúar 2012. Ísland varð aðili að STCW samþykktinni árið 1995. STCW-F samþykktin var fyrst gerð 1995 og þá þurftu 15 þjóðir að samþykka hana svo hún öðlaðist gildi. Það náðist í september 2012. Ísland gerðist aðili að samþykktinni í apríl 2002. Fljótlega eftir að samþykktin öðlaðist gildi var farið að ræða endurskoðun á henni. Málið var að Asíuþjóðir höfðu ekki gerst aðilar að henni og þótti það galli. Einhvern tíma tók að fá aðila til að taka að sér verkefnastjórnun við endurskoðunina, t.d. var Ólafur J. Briem, starfsmaður Samgöngustofu, beðinn að taka verkið að sér en fékk ekki stuðning stofnunarinnar. Japanir tóku verkið að sér þó þeir væru ekki aðilar að samþykktinni og er það sérstakt, en það þótti eftirsóknarvert að fá Asíuþjóðir að samþykktinni. Við, hjá VM og áður hjá Vélstjórafélaginu, höfum haft áhyggjur af því hvaða kröfur verði gerðar til menntunar og þjálfunar í STCW-F samþykktinni. Okkur hefur t.d. þótt minni kröfur gerðar til áhafna fiskiskipa í löndunum í kringum okkur og fiskiskip í Asíulöndum eru löng og með lítið framdrifsafli þ.a. óvíst var hvernig helstu viðmið um réttindakröfur (lengd skipa og framdrifsafli) mundu enda. Verkefnið við endurskoðun STCW-F samþykktarinnar var sett upp þannig að endurskoðunin ætti fela í sér samræmingu við STCW-samþykktina og hefur því verið fylgt. Endurskoðun sem þessi tekur langan tíma, t.d. er afmörkun verkefnisins frá því í nóvember 2015. Tillögur að nánari útfærslu samþykktarinnar komu í apríl 2019 og skv. tölvupóstum byrjaði verkefnið fyrir alvöru í maí 2021. Samgöngustofa hefur forgöngu um verkefnið fyrir Íslands hönd og leitar til aðila sem tengjast því til að skipa vinnuhóp og er Halldór í hópnum fyrir VM. Eins og staðan er núna eru hæfnikröfur þær sömu og gerðar eru í STCW samþykktinni, með vísun í fiskiskip í stað flutninga- og farþegaskipa og það er komin grein um vaktstöður í vélarúmi. Námskrá vélstjórnarnámsins byggir á hæfnikröfunum, þ.a. eins og sakir standa lítur út fyrir að sömu kröfur um menntun verði gerðar í STCW-F samþykktinni og eru í STCW samþykktinni. Siglingatíminn til að ná réttindum virðist aftur á móti ætla að verða styttri.

5. Staðan hjá Húsi fagfélaganna

Við fengum í lok síðasta árs áætlun um reksturinn fyrir 2022.. Formaður lagði fram aðra aðra útgáfu af áætluninni.

Formaður sýndi rauntölur, fjöldi manna á hvert félag hefur breyst aðeins þannig að þá er kostnaðurinn 43 millj. sem er sama tala og í áætlun þannig að launakostnaður hefur haldist. Helgi spyr hvað málið er statt núna og hvenær er nóg nóg. Formaður sagði frá því að það sé enn verið að finna lausn á þessu máli. Förum 8 milljónir fram yfir þ.e. okkar hlutur. Spurt var hvort þetta sé ásættanlegt. Talað var um að samstarf sé mjög jákvætt og dæmi tekið að hjá sjómönnum sé hver hendin upp á móti annari, miklu betra að allir séu í takt. Spurt var um fjárhagslegu hliðina því hún verður alltaf bitbeinið er þetta ásættanlegt? Við vissum alltaf að þetta yrði dýrara í byrjun og myndi síðan slípast til.

6. Önnur mál

- Svar til fyrrverandi formanns og félaga. Formaður sýndi og las upp drög að svari sem stjórnarmaður skrifaði. Þar kemur meðal annars fram að þegar búið er að skrifa svar við spruningunum þá verði boðað til félagsfundar þar sem svörin verða kynnt. Óskað var eftir því að svarið yrði sent á alla sem undirrituðu bréfið og verið er að leita að netföngunum þeirra.
- Spurt var hver staðan sé með skipunartímana í nefndir. Formaður sagði að það væri enn verið að vinna það.
- Formann var spurður út í mál sem hann nefndi á sínum tíma um atvinnurekendur í stjórnnum lífeyrissjóða, hvort hann hafi gert eitthvað í því. Formaður segist hafa rætt þetta bæði í fulltrúaráði Birtu og Gildis. Hjá Gildi er vel tekið í að skoða þetta en ekki hjá Birtu. Þetta verður erfitt en ekki óframkvæmanlegt, fyrst þurfa SA og ASÍ að vera sammála og svo þarf Alþingi að breyta lögum. Það þarf að taka þetta í litlum skrefum.

Fundi slitið 14:02